

11. mars 1976.

85

Nr. 57.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 27. júní 1976.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1070 meðmælendur, en mest 2140.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 120 meðmælendur, en mest 240.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 435.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 185.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 11. mars 1976.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

5. mars 1976.

Nr. 58.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Hrognkelsaveiðar á bátum, sem eru stærri en 8 brúttórúmllestir, eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Í umsóknum um slík leyfi skal tilgreina nafn, einkennisstafi og stærð báts og nafn skipstjóra. Þá skal og greint frá því hvort viðkomandi skipstjóri hafi áður stundað hrognkelsaveiðar og þá hvar og hve lengi. Einnig skal skýrt frá því hvort hrognkelsaveiðar hafi áður verið stundaðar á viðkomandi bát og þá einnig hvar og hve lengi.

B 11

2. gr.

Bannað er að salta grásleppuhrogn um borð í veiðiskipinu. Þá er bannað að nota „móðurskip“ við veiðarnar, nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins. Í umsóknnum um slík leyfi skal gefin lýsing bæði á „móðurskipinu“ og bát eða bátum þeim, sem nota skal til veiðanna. Þá skal og upplýst hvort og þá hvernig slíkar veiðar hafa áður verið framkvæmdar.

3. gr.

Bátum, sem stunda hrognkelsaveiðar, er óheimilt að stunda jafnframt annan veiðiskap svo sem þorskveiðar í net.

4. gr.

Allir þeir, er stunda hrognkelsaveiðar, skulu halda skýrslu um netafjölda, sem vitjað er um og veiðimagn í hverri veiðiferð, veiðisvæði þar sem sérstaklega skal getið hvort veitt hafi verið innan eða utan netlaga og veiðitíma og senda þær til Fiskifélags Íslands eigi síðar en einum mánuði eftir að þeir hafa hætt veiðum. Á þetta bæði við um þá, er stunda veiðarnar samkvæmt sérstökum leyfum sbr. 1. og 2. gr. og þá, sem ekki þurfa slík leyfi til veiðanna.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið

1. janúar til 15. febrúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. febrúar 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 249.50
Millifiskur nr. 1	— 238.40
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 194.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 165.60

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.